



Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit við Hafnarbraut 38 og 40, Norðfirði

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2022/002

Forsíðumynd: Horft til norðurs yfir deiliskipulagssvæðið.

© Guðný Zoëga, allur réttur áskilinn.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Aðferðafræði	3
Lýsing svæðis	4
Fornleifaskrá	5
Hornar minjar með hnitum	8
Samantekt	13
Heimildaskrá	14



Mynd 1. Horft til norðurs yfir deiliskipulagsreit þann 16.11.2022. Húsin Sæmundarbúð og Gil stóðu þar sem leikvöllurinn er fyrir miðri mynd. Vinstra megin við hann má sjá ýmsar leifar frá upphafi Nesþorps, gamals fiskreit [2850-006], matjurtagarða [2850-002], grunn sjóhúss [2850-003] og götu [2850-008].

Inngangur

Að beiðni Skipulagsfulltrúa Fjarðabyggðar voru fornleifar skráðar á tveimur byggingareitum, Hafnarbraut 40-42, á Norðfirði. Um er að ræða tvær lóðir tengdar nýbyggingum tveggja fjölbýlishúsa, bílahúss og bílastæðis. Lóðirnar liggja á svæði milli einbýlishúsa að Hafnarbraut 36 og 48. Yfirlitsteikning af svæðinu er aftast í skýrslu. Guðný Zoëga, fornleifafræðingur sá um skráningu og skýrsluskrif.

Heimildamanni, Guðmundi Sveinssyni eru færðar innilegar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2850

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrrihuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar, í þessu tilfelli 2850. Einstaka minjar fá svo einnig hlaupandi númer og þannig fá leifar mannvirkis ofan Sæmundarbúðar númerið Nes 2850-001.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hér eru allar minjar sem fundust við vettvangskonnnun metnar í hættu vegna framkvæmda.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>




Mynd 2. Yfirlitsteikning sem sýnir útlínur skipulagssvæðis og minjar innan þess sem vitnað er til í skýrslunni. Minjar merktar með rauðum kassa eru horfnar en þær sem eru með grænum hring eru enn til staðar.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju. Afstöðumynd af minjum er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af minjum/jörðinni er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti

ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, fengnar hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð.


Lýsing svæðis

Svæðið sem skráð var liggur á milli húsanna Hafnarbrautar 36 og 40 í Neskaupstað (sjá afmarkað svæði mynd 3). Þarna stóðu áður húsín Sæmundarbúð og Gilhagi en búið er að rífa þau bæði. Minjar á svæðinu tilheyra upphafi þýttbýlis í Nesporpi sem byrjaði að myndast um og upp úr aldamótunum 1900. Svæðið nær yfir lóðir fjögurra húsa, Tröllness (Stóra-Tröllaness, byggt 1908), Sæmundarbúðar, Gilhaga (byggt 1907) og Sjónarhóls (byggt 1908). Öll þessi hús voru í landi Ness sem var landnámsbýli í Norðfirði og í byggð fram að upphafi þýttbýlismyndunar.²



Mynd 3. Hluti af bæjaruppdrætti Jóns Víðis af Nesporpi frá 1924. Myndin er fengin úr Sögu Norðfjarðar II. bindi, bls. 30-31. Deiliskipulagssvæðið er afmarkað með ferhyrningi. Sæmundarhús/Gilhagi er nr. 34 á mynd. Bryggjur: 9. Tröllanessbryggja, 10: Sæmundarbryggja, 11: Lifrabræðslubryggjan. Skástrikuðu reitirnir eru fiskreitir.

² Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3, bls. 7.



Mynd 4. Skráningarsvæðið séð ofan frá á tveimur loftmyndum frá Landmælingum Íslands. Vinstri myndin er tekin 1955 en seinni myndin 1964. Árið 1964 er Tröllanesskúrin og bryggja við hann horfin, sem og Lífurbræðsluskúrin neðan við Sjónarhól.

Fornleifaskrá

Nes 2850-001

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla, Steinsteypa

Staðhættir

Í brekku um 20m ofan leikvallar eru leifar af steiptum vegg og hleðslum úr einhverskonar kofa.

Lýsing

Steiptur veggur sést á um 2,5 metra kafla frá ssv til nna. Veggurinn er hluti af ferköntuðum grunni, líklega undan byggingu. Greinileg grjóthleðsla er í austurvegg, óvönduð. Á ljósmyndum frá 1955 til 1974 má sjá þennan kofa ofan við Gilhaga. Á bæjarkorti Jóns Víðis frá 1927 er húsið hinsvegar ekki komið. Þarna er því ekki um fornleifar að ræða.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Guðmundur Sveinsson sem ólst upp í Gilhaga segir að ofan hússins hafi verið reykkofti og geymsla. Hann taldi þó að sú bygging hafi staðið austar. Það er líklegt miðað við loftmynd og er kofinn því skráður hér að neðan [2850-016].

Nes 2850-002

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Niðurgroftur, hleðsla

Staðhættir

Fast neðan við garðinn umhverfis húsið Tröllanes er matjurtagarður. Á elsta bæjaruppdrættinum frá 1927 er sýndur þarna grjótlagður fiskreitir en árið 1955 er kominn þarna matjurtagarður.



Mynd 6. Sjóhúsið Borg [2850-002] sést fyrir miðju myndinni til hægri. Stækkað upp úr mynd Björns Björnssonar frá um 1950. Hægri megin má sjá leifar af grunnni hússins eins og hann er í dag.

Lýsing

Garðurinn er 10x13m að stærð, niðurgraffinn og afmarkaður með lágu garðlagi undan vírgirðingu.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn sést á loftmynd frá 1955 en telst ekki fornleifar skv. lögum. (Sjá mynd 6).

Nes 2850-003

Sérheiti: Borg

Hlutverk: Híbýli, sjóhús, hjallur, fjárhús

Tegund: Hleðsla, steinsteypa

Staðhættir

Fast vestan matjurtagarðs [2850-002] um 20 neðan við vestari enda hússins Tröllaness er grunnur undan húsi (Sjá mynd 5).

Lýsing

Grunnurinn er blanda af fremur óvandaðri steinhleðslu og steypu. Hann er 4,5x5m að stærð og er veggheðslan rétt um 40cm á hæð. Þetta hús sést á bæjaruppdrætti frá 1927 og er þá við vesturhlið fiskreits (efra húsið af tveimur sem sjá má á teikningu á mynd). Húsið sést seinast á loftmynd frá 1966 en er horfið á loftmynd frá 1974.

Aðrar upplýsingar

Á grunninum stóð tveggja hæða timburhús sem samkvæmt heimildamanni Guðmundi Sveinssyni gekk undir nafninu Borg. Húsið var tvílyft, efri hæð þiljuð að innan og nýtt sem sjóbúð en geymsla á neðri hæð. Seinast var það notað til að geyma sauðfé. Hússins er hvorki getið í fasteignamati frá 1916-18, né brunavirðingu frá 1917.

Nes 2850-005

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Girðing

Staðhættir

Ofan við þar sem Sæmundarbúð og Gilhagi stóðu er einföld grjótröð sem liggur frá austri til vesturs. Þarna er um að ræða grjóthleðslu undan girðingu sem hefur afmarkað lóð ofan húsanna.

Aðrar upplýsingar

Sést á loftmynd frá 1955 en telst ekki til fornleifa.



Mynd 7 Tvær myndir sem sýna fiskreitinn [2850-006]. Hægri myndin er tekin af Birni Björnssyni 1949 og þar má sjá fiskreitinn til vinstri á mynd, fast upp við húsið Sæmundarbúð. Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Norðfjarðar. Hægri myndin er tekin 16.02.22 og þar eru útlínur fiskreitsins sýndar með hvítum brotalínum.

Nes 2850-006

Hlutverk: Fiskþurrkun, fiskreitur

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á elsta bæjaruppdrættinum frá 1927 má sjá stóran fiskreit merktan (skáletrað svæði) inn neðan við húsið Tröllanes (Nr. 33 á mynd 3).

Lýsing

Þarna er enn slétt flöt og einföld hleðsla umhverfis, orðið mjög gróið og nú eru matjurtagarðar [2850-002] efst á svæðinu (sjá mynd 6).

Nes 2850-008

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Gata, hleðsla

Staðhættir

Vestan við húsið Tröllanes má sjá leifar bílvegjar er tengdi saman Hafnarbraut og Miðgarð. Þarna má enn sjá slétta flöt og grjóthleðsla er vestan hennar þar sem hlaðið hefur verið undir útbrún vegar.

Aðrar upplýsingar

Þessi gata er á elstu loftmynd frá 1955 en virðist horfin að hluta 1964. Gatan telst ekki fornleifar.



Mynd 8. Horft til norðurs upp brekkuna að húsinu Stóra-Tröllanesi. Vinstra megin á mynd má sjá steinaröð sem liggur upp brekkuna og afmarkar götu [2850-008]. Hægra megin götunnar er grunnur sjóbúðarinnar Borgar [2850-006]

Horfnar minjar með hnitum



Mynd 9. Horft til norðausturs, í forgrunni eru Sæmundarbúð [2850-004] (Gilhagi) til vinstri og Gilhagi [2850-007] til hægri. Fremst á mynd eru leifar bólverks við Sæmundarskúr [2850-010]. Myndin er tekin af Birni Björnssyni 1949, birt með leyfi Héraðsskjalasafns Norðfjarðar.

Nes 2850-004

Sérheiti: Gilhagi, Sæmundarbúð

Hlutverk: Verslun íbúðarhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið Sæmundarbúð stóð neðst í brekku skammt ofan vegar, um 30m neðan og suðaustan hússins Tröllaness.

Lýsing

Húsið hefur verið rífið og leikvöllur þar sem það stendur nú. Í brunavirðingu frá 26. janúar 1917 segir um húsið: „Íbúðarhús, einlyft með porti, háu risi og brotnu þaki.“ Sæmundarbúð eins og hún er á mynd 8 er ekki lengur með brotnu þaki og hefur hæð verið bætt ofan á húsið.

Aðrar upplýsingar.

Í undirmati fasteigna frá 1916 er húsið sagt heyra til Nesi. Þá er þar verslunar og íbúðarhús. Í skýrslu um byggingarár húsa á Norðfirði (1998, bls. 12) segir: Gilhagi, Sæmundarbúð. Hafnarbraut 42, áður Strandgata 52 og 56. Byggingarár 1907. Eigendur: 1916: Jónas Andrésen, 1930: Sæmundur Þorvaldsson og Pjetur Waldorf, 1996: Trausti Björnsson. Athugasemdir: Húsið var í senn verslunar- og íbúðarhúsnæði. Því fylgdi ýmsir skúrar s.s. vöruhús byggt 1914 og fiskiskúr byggður sama ár. Stórt pakkhús var utanvið Tröllanes og getur verið að það hafi heitið Gilhagi.“ Heimildamaður, Guðmundur

Sveinsson segir ytra húsið hafa í daglegu talið verið kallað Gilhagi en innra húsið Sæmundarbúð. Sæmundarbúð hefur þó líklega upphaflega heitið Gilhagi en nafnið færst yfir á ytra húsið þegar farið var að kalla það Sæmundarbúð. Í fasteignamati 1916-1918 er húsið kallað Tröllanes, en það hefur þó aldrei gengið undir því nafni.

Nes 2850-007

Sérheiti: Gilhagi

Hlutverk: Vöruhús, híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Um 2m austan við Sæmundarbúð var húsið Gilhagi (sjá mynd 8). Það mun upphaflega verið vöruhús tengt versluninni en síðar breytt í íbúðarhús.

Lýsing

Húsið er nú horfið en útlit þess um miðja 20. öld má sjá á mynd 8. Í brunavirðingu frá 6. Janúar 1917 er húsinu svo lýst: Vörugeymsluhús með porti, háu risi, lopti og þar uppi á 3 herbergi, eitt af þeim alþiljað í húsinu er steipt gólf.“

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu um byggingarár húsa á Norðfirði (1998, bls. 12) segir: Gilhagi, Sæmundarbúð. Hafnarbraut 42, áður Strandgata 52 og 56. Byggingarár 1907. Eigendur: 1916: Jónas Andrésson, 1930: Sæmundur Þorvaldsson og Pjetur Waldorf, 1996: Trausti Björnsson. Athugasemdir: Húsið var í senn verslunar- og íbúðarhúsnæði. Því fylgdi ýmsir skúrar s.s. vöruhús byggt 1914 og fiskiskúr byggður sama ár.

Heimildamaður Guðmundur Sveinsson ólst upp í húsinu og segir það hafa verið kallað Gilhaga en upphaflega fylgdi nafnið líklega húsinu sem síðar var kallað Sæmundarbúð.

Nes 2850-009

Hlutverk: Fiskþurrkun, fiskreitur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á bæjaruppdrætti frá 1927 er sýndur fiskreitur framan og neðan við húsið Sjónarhól (sjá skáletrað svæði á mynd 3, Sjónahóll hefur númerið 36).

Aðrar upplýsingar

Reiturinn er horfinn á loftmynd frá 1955 og þá komin röð túnstalla neðan við húsið.

Nes 2850-010

Sérheiti: Sæmundarskúrin, Sæmundarbryggja

Hlutverk: Sjóhús, bryggja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á bæjaruppdrætti Jóns Víðis frá 1927 má sjá kofa niðri við flæðarmál og bryggju út í sjó frá honum. Húsið sést á loftmynd 1964 en þá er bryggjan horfin. Húsið er á loftmyndum fram yfir 1980 en er horfið 1990.

Aðrar upplýsingar

Í undimati fasteigna frá 1916 er nefndur fiskiskúr úr timbri byggður 1914 og sjóbúð byggð 1915. Í brunavirðingu frá 1917 er skúrnum lýst þannig: „Fiskiskúr úr timbri með einu skilrúmui, og við hann stór fiskipallur.“



Mynd 10. Sæmundarskúr [2850-010] í forgrunni vinstra megin á mynd, bak hans má sjá Lifrarbræðsluskúrinn [2850-011]. Ljósmynd: Björn Björnsson 1949. Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Norðfjarðar.

Nes 2850-011

Sérheiti: Lifrarbræðsluskúr, lifrarbræðslubryggja

Hlutverk: Sjóhús, bræðsla, bryggja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á bæjaruppdrætti frá 1927 má sjá nokkur samstæð hús í fjöruborði neðan við húsið Sjónarhól og hefur lítil bryggja verið framan við þau Öll ummerki um þessi mannvirki eru nú horfin vegna landuppfyllingar.

Aðrar upplýsingar

Á mynd Björns Björnssonar sem tekin er af sjó um 1950 (mynd 9) má sjá þessa skúra en á loftmynd frá 1955 stendur aðeins einn skúr eftir og bryggjan er horfin. Skúrinn er svo horfinn á loftmynd frá 1964.

Í skýrslu um byggingarár húsa (1998, bls. 12). Í bókinni Norðfjarðarsaga II, fyrri hluta er birt endurgerð af bæjaruppdrætti Norðfjarðar frá 1927 og eru þar merktar inn bryggjur. Þar er bryggjan framan við skúrana kölluð Lifrarbræðslubryggja. Heimildamaður, Guðmundur Sveinsson segir skúrinn sem lengst stóð hafa verið kallaðan Lifrarbræðsluskúr.



Figure 11. Mynd 12. Sjóhús og aðrar minjar á mynd Björns Björnssonar sem tekin er milli 1940 og 1950. Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Norðfjarðar.

Nes 2850-012

Sérheiti: Tröllanesskúr/Krakaskúr, Tröllanesbryggja/Krakabryggja

Hlutverk: Sjóhús, bryggja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á bæjaruppdrætti frá 1927 má sjá nokkur samstæð hús í fjöruborði neðan við húsið Tröllanes og framan þess liggur bryggja út í sjó.

Aðrar upplýsingar

Í undirmati fasteigna 1916-1918 er talið upp sjóhús byggt úr timbri með járnþaki.

Í bókinni Norðfjarðarsaga II, fyrri hluta (bls. 30-31) er birt endurgerð af bæjaruppdrætti Norðfjarðar frá 1927 og eru þar merktar inn bryggjur. Þar er bryggjan framan við skúrinn kölluð Tröllanesbryggja (Krababryggja). Skúrarnir eru horfnir á loftmynd af bænum frá 1955.

Nes 2850-013

Hlutverk: Óþekkt, skúr

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á bæjaruppdrætti frá 1927 eru sýnd tvö hús fast vestan við fiskreit [2850-002] í brekku neðan við húsið Tröllanes (sjá mynd 3).

Aðrar upplýsingar

Efra húsið, skv. heimildamanni, var svokölluð Borg (2850-003) en neðra húsið ónefnt. Húsið er horfið á loftmynd frá 1955. Í undirmati fasteigna 1916-1918 eru á Stóra-Tröllanesi nefndir þrír skúrar og einn hjallur og má vera að þessi bygging sé eitthvað þeirra húsa.

Nes 2850-014

Hlutverk: Fiskþurkkun, fiskreitur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á bæjaruppdrætti frá 1927 er sýndur fiskreitur (skáletrað svæði) framan og neðan við húsið Gilhaga sem merkt er 36 á mynd (sjá mynd 3)

Aðrar upplýsingar

Reiturinn er horfinn á loftmynd frá 1955.

Nes 2850-015

Hlutverk: Gata

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Gatan sem áður hét Strandgata, nú Hafnarbraut, lá áður ofar en nú er milli fjöru og húsanna Sæmundarbúðar og Gilhaga. Þarna er sléttað svæði og gangbraut ofan (norðan) við núverandi Hafnarbraut sem liggur á landfyllingu.

Nes 2850-016

Hlutverk: Reykkofi, geymsla?

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í brekku um um 10m ofan við þar sem húsið Gilhagi stóð.

Aðrar upplýsingar

Leifar af einhverskonar mannvirki er þarna í brekkunni [2850-001] en heimildamaður Guðmundur Sveinsson sem ólst upp í Gilhaga telur húsið sem hér um ræðir hafa staðið lengra til austurs. Því er hér sett hnit þar sem áætlað er að kofinn hafi getað staðið.

Samantekt

Við skráningu framkvæmdasvæðis á lóðunum Hafnarbraut 38 og 40 voru alls skráðar alls 16 minjar, sjö minjar voru enn til staðar en níu horfnar. Hægt að staðsetja með því að bera saman bæjarkort frá 1927 og loftmyndir. Það verður því að taka áætluðum hnitum með fyrirvara.

Tafla 1. Tafla yfir fjölda minja á skráningarsvæðinu.

Fjöldi minja	Með hnitum	Áætluð hnit	Samtals
Enn til staðar	7		7
Horfnar		9	9
Alls:			16

Allar minjarnar teljast hefðbundnar menjar sjávarbúskapar og þéttbýlismyndunar á fyrri hluta 20. aldar. Samkvæmt 100 ára reglu Laga um menningarminjar³ teljast þó fæstar þessara minja til fornleifa. Þær eru skráðar þar sem þær teljast mikilvægur hluti af sögu þéttbýlismyndunar og byggðapróunar á fyrri hluta 20. aldar. Þær minjar sem falla undir ákvæði menningarminjalaga eru Sæmundarbúð [2850-005] og Gilhagi [2850-005], fiskreitir við Tröllanes [2850-006], Gilhaga [2850-014], og Sjónarhól [2850-009], sjóhúsið Borg [2850-003] og önnur sjóhús og bryggjur sem sýndar eru á elsta bæjaruppdrættinum [2850-010, 2850-011 og 2850-012]. Einungis tvær staðfestar fornleifar eru því enn til staðar, leifar af grunni sjóhússins Borgar [2850-003] og fiskreitir neðan við húsið Tröllanes [2850-006]. Leifar af steinsteyptu mannvirki [2850-001] telst að öllum líkindum ekki til fornleifa og óvíst er með götu [2850-008].

Fiskreitir, grunnur sjóhúss og gata neðan Tröllaness eru áhugaverðar minjar um fyrstu byggð í Nesþorpi og skapa skemmtilega minjaheild á vesturhluta svæðisins (sjá mynd 1). Að öðru leyti hafa töluverðar framkvæmdir farið fram á svæðinu, bæði vegna vegagerðar, matjurtaræktunar og landuppþyllingar þannig að flestar minjar eru þar horfnar.

Minjar sem eru horfnar eða staðsetning óþekkt teljast ekki í hættu. Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva þær tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.

³ Nr. 80 frá 2012 á síðunni <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Smári Geirsson (2009). *Norðfjarðarsaga II, fyrra bindi*. Bókaútgáfan Hólar.

Sveitir og jarðir í Múlapingi 3. bindi. (1976). Reykjavík: Búnaðarsamband Austurlands.

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef alþingis. Skoðað 26.06.2020

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Yfirmat fasteigna 1918 á vef landsbókasafns. Skoðað 24.11.2022.

<https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Jar%C3%B0amat;%20Su%C3%B0ur-M%C3%BAlas%C3%BDsla/>

Yfirmat fasteigna 1918 á vef landsbókasafns. Skoðað 24.11.2022.

<https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Fasteignamat%201916%20-%201918%20-%20Undirnat;%20M%C3%BAlas%C3%BDsla%20-%20Su%C3%B0ur%20I/?page=149>

Brunavirðingar Brunabótafélags Íslands fyrir hús á Norðfirði 1917. Héraðsskjalasafn Norðfjarðar.

Heimildamenn:

Guðmundur Sveinsson

Fylgiskjöl

Deiliskipulag Hafnarbraut 38 og 40 - fornleifaskráning
Hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
Minjar með hnitum										
2850-001		óþekkt, reykkofi?	hleðsla, steinsteypa	1940	1980	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmdir	748299	526902
2850-002		matjurtagarður	niðugröftur, hleðsla	1927	2022	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmdir	748251	526904
2850-003	Borg	híbýli	hleðsla, steinsteypa	1927	1974	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmdir	748291	526907
2850-005		undan girðingu	hleðsla	1955	1974	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmdir	748280	526900
2850-006		fiskreitir	hleðsla	1927	1960	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmdir	748307	526912
2850-008		gata	hleðsla	1955	1964	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmdir	748330	526928
Hornar minjar með hnitum										
2850-004	Sæmundarbúð/ Gilhagi	híbýli	heimild	1907	1980	horfin	engin hætta		748290	526914
2850-007	Gilhagi	pakkhús	heimild	1914	1980	horfin	engin hætta		748242	526906
2850-009		fiskreitir	hleðsla	1927	1960	horfin	engin hætta		748315	526895
2850-010	Sæmundarskúrin	sjóhús	heimild	1914	1980	horfin	engin hætta		748330	526928
2850-011	Lifrarbræðsluskúr/ Lifrarbræðslubryggja	sjóhús	heimild	1927	1960	horfin	engin hætta		748315	526895
2850-012	Krakaskúr/ Krakabryggja	sjóhús	heimild	1907	1980	horfin	engin hætta		748258	526891
2850-013		óþekkt	heimild	1927	1955	horfin	engin hætta		748315	526895
2850-014		fiskreitir	heimild	1927	1955	horfin	engin hætta		748300	526922
2850-015	Strandgata	gata	heimild	1800	1964	horfin	engin hætta		748311	526903
2850-016		geymsla	heimild	1914	1990	horfin	engin hætta		748299	526922

Deiliskipulag Hafnarbraut 38 og 40 - fornleifaskráning
Hnitaskrá



Tröllanes

Sjónarhóll

Borg

**Tröllanesskúr/Krakaskúr
Tröllanesbryggja/Krakabryggja**

Gilhagi

**Sæmundarskúr/
Sæmundarbryggja**

**Lifrarbræðsluskúr/
Lifrarbræðslubryggja**

Sæmundarbúð

2850-008

2850-003

2850-002

2850-006

2850-013

2850-012

2850-001

2850-005

2850-004

2850-015

2850-016

2850-007

2850-014

2850-014

2850-009

2850-011

0 5 10 20 30 40 m

